





## AÐFARAORÐ FORSTÖÐUMANNNS

Árið 2019 var tímamótaár í starfi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Í maí var stigið langþráð skref þegar mennta- og menningarmálaráðherra gekk að tilboði Ístaks í byggingu Húss íslenskunnar og 30. ágúst var síðan skrifað undir samninginn á verkstað. Gert er ráð fyrir að húsið muni iða af lífi haustið 2023.

Í byggingunni verður sannkölluð miðstöð íslenskra fræða í heiminum og húsið mun gerbreyta aðstöðu til kennslu, rannsóknna og þjónustu við fræðimenn. En Hús íslenskunnar er þó fyrst og fremst reist fyrir almenning í landinu og til eflingar íslenskri tungu. Ekki er hægt að ofmeta hvíllik bylting verður fyrir íslensk fræði og miðlun til almennings með þeirri starfsemi er sameinast í húsinu. Þar verður tekið vel á móti gestum og gangandi, sýning verður á handritum og öðrum gögnum stofnunarinnar og fyrirmyndaraðstaða til að fræða skólafólk.


Annar langþráður áfangi náðist á árinu þegar vinna samkvæmt Máltækniáætlun hófst loksins haustið 2019. Árnastofnun tekur þátt í samstarfshópi um íslenska máltækni sem var falin framkvæmd verkáætlunar um íslenska máltækni næstu fimm árin. Samstarfshópurinn byggir á áralangri og gifturíkri samvinnu máltækniþólks í háskólum, stofnunum og fyrirtækjum sem hefur starfað þétt saman á síðustu árum.

Árnastofnun leggur áherslu á vandaða miðlun til almennings og á árinu náðum við mikilvægum markmiðum. Fyrst er að nefna að í mars var opnaður nýr vefur stofnunarinnar sem bætir mjög aðgengi að gögnum stofnunarinnar. Í júní var opnuð sýningin Óraviddir í Safnahúsinu sem birtir ísliskan orðaforða á afar nýstárlegan og myndrænan hátt. Gagnagrunnar stofnunarinnar eru í stöðugri vinnslu og uppfærslu. Í september kynntum við nýja og endurskoðaða gerð Beygingarlýsingar íslensks nútímamáls og mánuði síðar var opnaður endurnýjaður Íðorðabanki.

Aldrei hefur skipt meira máli en nú að sameina krafta og vinna saman þvert á stofnanir, háskóla, fyrirtæki og frumkvöðla í rannsóknum og nýsköpun við lausn samfélagslegra áskorana. Það á einnig við á vettvangi íslenskunnar og íslenskrar menningar. Saman lyftum við grettistaki. Hús íslenskunnar verður tákmynd um slíkan samtakakraft og umgjörð um öflugt rannsóknar- og nýsköpunarstarf í íslenskum fræðum.

*Guðrún Nordal forstöðumaður*

# SKIPURIT STOFNUNAR ÁRNA MAGNÚSSONAR Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM



Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra með stjórn sem er forstöðumanni til ráðgjafar.

## Stjórn 2019

Í stjórn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru Dagný Jónsdóttir formaður, Sigrún Magnúsdóttir varaformaður, Terry A. Gunnell, Torfi Tulinius og Guðrún Þórhallsdóttir. Þrjú síðastnefndu eru tilnefnd af Háskóla Íslands.

## Starfsfólk 2019

Á árinu voru 42 fastráðnir starfsmenn við stofnunina og verkefnaráðnir starfsmenn með tímabundna ráðningu voru 40 talsins. Haraldur Bernharðsson, dósent við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands, og Þórður Ingi Guðjónsson, ritstjóri Íslenzkra fornrita, eru í nánum tengslum við stofnunina og hafa þar fasta vinnuaðstöðu. Fjölmargin fræðimenn nýta sér rannsóknaraðstöðu stofnunarinnar. Á árinu voru samtals 36 gestafræðimenn og fyrrverandi starfsmenn með fasta eða tímabundna aðstöðu. Ónefndir eru þá 15 doktorsnemar sem höfðu vinnuaðstöðu í Árnagarði eða á Laugavegi 13. Nýir starfsmenn komu til starfa á árinu 2019, Beeke Stegmann, Branislav Bédi og Sigurður Stefán Jónsson. Eiríkur Rögnvaldsson og Samúel Þórisson komu jafnframt til starfa á skrifstofu CLARIN sem stofnunin rekur.

## Húsnæðismál 2019

Starfsemi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fer fram á þremur stöðum í og við miðborg Reykjavíkur. Í Árnagarði við Suðurgötu, á Laugavegi 13 (2., 4. og 5. hæð) og í Þingholtsstræti 29. Stofnunin á einnig gestaíbúð í Þingholtsstræti 29, sem nýtt hefur verið til að taka á móti fræðimönnum sem koma til landsins til rannsóknardvalar. Íbúð sem stofnunin átti við Hvassaleiti 30 var seld á árinu. Safnkennari stofnunarinnar hafði aðstöðu í Safnahúsinu við Hverfisgötu til að taka á móti skólahópum í tengslum við sýninguna Sjónarhorn, þar sem til sýnis eru 13 handrit og þar af sjö sem stofnunin lánaði. Sérþýningin Óraviddir – orðaforðinn í nýju ljósi, sem er á vegum Árnastofnunar, var einnig hluti af sýningarhaldi hússins á árinu. Auk þessa hafa handrit úr safni stofnunarinnar um árabíl verið til láns á grunnsýningu Þjóðminjasafns Íslands.



## VIÐBURÐIR 2019

### JANÚAR

- 4. jan. Orð ársins var sagnorðið *plokka*. Það var valið af sérfræðingum Árnastofnunar út frá fyrirliggjandi gögnum. Orðið var kynnt um leið og þau sem urðu hlutskörpust í almennri kosningu á netinu hjá RÚV, *kulnun* og *klausturfokk*.
- 26. jan. Íslenska málfraeðifélagið stóð fyrir Rask-ráðstefnu um íslenskt mál og almenna málfraeði. Sjö starfsmenn Árnastofnunar fluttu erindi á ráðstefnunni.
- 27. jan. Fimmtán nýir styrkþegar fengu styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að stunda íslenskunám við Háskóla Íslands.

### FEBRÚAR

- 1. feb. Ísland gerðist aðili að CLARIN. Árnastofnun er leiðandi aðili og rekur skrifstofu CLARIN á Íslandi.

### MARS

- 8.–9. mars. Fjölmarginir starfsmenn Árnastofnunar, doktorsnemar og fyrrverandi starfsmenn undirbjuggu dagskrá og tóku þátt í Hugvísindapingi Háskóla Íslands.

- 15. mars. Bókagleiði Árnastofnunar var haldin í Hannesarholti. Kynntar voru bækur sem komu út hjá stofnuninni árið 2018: *Safn til íslenskrar bókmenntasögu* í útgáfu Guðrúnar Ingólfssdóttur og Þórunnar Sigurðardóttur og *Íslenskar bænir fram um 1600* gefin út af Svavari Sigmundssyni prófessor emeritusi.



Útgefendur segja frá útgáfu sinni á Bókmenntasögu Jóns Ólafssonar úr Grunnavík. (Mynd: Eva María Jónsdóttir)

- 22. mars. Ný vefsíða Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum var opnuð en vefhönnunarfyrirtækið 1xinternet sá um forritun. Fjölmenni sótti viðburðinn í Árnagarði þar sem hluti vefnefndar kynnti nýjungar á vefsíðunni arnastofnun.is.

## CLARIN-MIÐSTÖÐIN Á ÁRNASTOFNUN

Síðla árs 2018 fól mennta- og menningarmála- ráðuneytið Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að hafa forystu um þátttöku Íslands í evrópska rannsóknarinnviðaverkefni CLARIN ERIC ([clarin.eu](http://clarin.eu)) sem er stofnað til að halda utan um stafræna innviði – gögn og hugbúnað – til nota við rannsóknir í félags- og hugvísindum, sem og í máltækni. Ísland fékk áheyrnaraðild að þessu samstarfi, sem flest ríki Evrópu taka þátt í, 1. nóvember 2018.

CLARIN-miðstöðin á Árnastofnun, CLARIN-IS, tók til starfa í ársbyrjun 2019 með aðsetur á Laugavegi 13. Miðstöðin hefur meðal annars það hlutverk að taka við, hýsa og miðla afurðum máltækniáætlunarinnar, svo þær nýtist sem best til rannsókna og þróunar á búnaði sem getur unnið með íslenskt mál. Þar starfa Eiríkur Rögnvaldsson landsfulltrúi í 40% starfi og frá 1. apríl Samúel Þórisson tölvunarfræðingur í fullu



Eiríkur Rögnvaldsson og Samúel Þórisson eru starfsmenn CLARIN-miðstöðvarinnar og hófu báðir störf á árinu.

starfi. Til þessa hafa meginverkefni miðstöðvarinnar verið tvö: Annars vegar þátttaka í samstarfi CLARIN ERIC, og hins vegar uppbygging lýsigagnamiðstöðvar og varðveislusafns sem komst í gagnið síðla árs ([repository.clarin.is](http://repository.clarin.is)). Nánari upplýsingar er að finna á vef miðstöðvarinnar, [clarin.is](http://clarin.is).

## APRÍL

**5. apríl.** Skinnblöð frá Þjóðminjasafni Íslands sem afhent voru Árnastofnun til varðveislu 11. maí 2011 voru gerð aðgengileg í rafbók sem ljósmyndari Árnastofnunar útbjó.



Á slóðinni [blurb.com/b/9387481-skinbl?ebook=693049](http://blurb.com/b/9387481-skinbl?ebook=693049) má nálgast rafbók úr skinnblöðum.

- 13. apríl.** Samdrykkja um fornþekkt menntir var haldin til heiðurs Úlfari Bragasoni sem lét af störfum sem rannsóknarprófessor við stofnunina sökum aldurs í apríl.
- 28. apríl.** Fulltrúar Árnastofnunar veittu viðtöku rúmlega níu milljóna króna styrk þegar úthlutað var úr Barna- menningarsjóði í fyrsta skipti við athöfn í Alþingishúsinu. Verkefnið *Handritin til barnanna* tengist tímamótunum þegar 50 ár verða liðin frá heimkomu fyrstu handritanna og kemur til framkvæmda á árunum 2020–2021.

## MAÍ

- 7. maí.** Gengið var að tilboði lægstbjóðanda, Ístaks, í byggingu Húss íslenskunnar sem rísa mun við Arngrímögötu í Reykjavík. Fyrsta skóflustunga að byggingunni var tekin 11. mars 2013.
- 8. maí.** Ársfundur stofnunarinnar var haldinn á Hótel Sögu að viðstaddir Lilju D. Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra. Í lok fundar afhenti forstöðumaður Árnastofnunar fulltrúum Skógrættarfélags Reykjavíkur 100 sjálfáran trjáplöntur úr grunni Húss íslenskunnar til gróðursetningar í Heimdömk.

## JÚNÍ

- 3. júní.** Nýjar leiðbeiningar handa sveitarfélögum um málefni örnefna voru gefna út og kynntar í bæklingi sem sendur var til allra sveitarfélaga landsins.
- 4.–7. júní.** Átta starfsmenn Árnastofnunar sóttu 15. norrænu orðabókaráðstefnuna (Konferensen om Lexicografi i Norden) í Helsinki og héldu þar erindi eða kynntu veggspjöld.
- 7. júní.** Sýningin Óraviddir – orðaforðinn í nýju ljósi var opnuð í Safnahúsinu við Hverfisgötu.
- 10. júní.** Nordkurs íslenskunámskeið fyrir norræna stúdenta hófst í húsakynnum Háskóla Íslands. Tuttugu og tveir þátttakendur sóttu námskeiðið sem stóð í fjórar vikur.

**11.–14. júní.** Tveir erlendir sérfræðingar í forvörslu pappírshandrita komu til landsins með sérstakan útbúnað til að taka myndir af vatnsmerkjum í handritum í tengslum við rannsóknarverkefnið Pappírslóð rakín.

**18. júní.** Almennangi var boðin sérfræðileiðsögn um handritin á sýningunni Sjónarhorn í Safnahúsinu við Hverfisgötu.



*Ritstjóri Orðs og tungu (2019) var Helga Hilmisdóttir.*

## JÚLÍ

**1. júlí.** 21. hefti tímaritsins Orð og tunga (2019) kom út bæði á prenti og í rafrænni útgáfu. Á árinu var jafnframt opnaður umsýsluvefur fyrir tímaritið þar sem það verður framvegis í opnum aðgangi á slóðinni ordogtungu.arnastofnun.is.

**8. júlí.** Árlegt alþjóðlegt sumarnámskeið í íslensku hófst og stóð í fjórar vikur. Þátttakendur voru 32.

**31. júlí–1. ágúst.** Árlegur fundur sendikennara í íslensku var haldinn í Winnipeg í Kanada. Við þetta tækifæri funduðu sendikennararnir með mennta- og menningarmálaráðherra, Lilju D. Alfreðsdóttur, sem var heiðursgestur Íslendingahátíðarinnar í Gimli og Norður-Dakóta.

## ÁGÚST

**1.–10. ágúst.** Sumarskóli í handritafræðum var haldinn í Kaupmannahöfn en hann er til skiptis í Kaupmannahöfn og Reykjavík. Skólinn er samstarfsverkefni Árnastofnunar í Reykjavík og Árnasafns í Kaupmannahöfn, Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Kennararnir, 30 talsins, komu frá öllum þessum stofnunum. Þátttakendur voru 62 frá 15 löndum.

**26.–27. ágúst.** Norrænt málnefndaping var haldið í Nuuk en Ísland hafði formennsku þetta ár í netverki norrænna málnefnda og skipulagði fundinn í samstarfi við Grænlenku málnefndina.

**30. ágúst.** Skrifað var undir samning mennta- og menningarmálaráðuneytis og Framkvæmdasýslu ríkisins við verktakafyrirtækið Ístak um byggingu Húss íslenskunnar.

## SEPTEMBER

**4. sept.** Sjálfseignarstofnunin Almennrómur og rannsóknarhópurinn Samstarf um íslenska máltækni (SÍM) undirrituðu samning um smíði innviða í máltækni fyrir íslensku. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er aðili að SÍM og forstöðumaður stofnunarinnar á sæti í stjórn rannsóknarhópsins.

**13. sept.** Fyrirlestur um vefútgáfu Íslensk-danskrar orðabókar Sigfúsar Blöndals var haldinn í Jónshúsi í Kaupmannahöfn.



*Halldóra Jónsdóttir og Árni Davíð Magnússon fluttu fyrirlestur í Jónshúsi um rafræna endurgerð Orðabókar Blöndals. (Mynd: Þórdís Úlfarsdóttir)*

**14. sept.** Mats Malm prófessor, þýðandi og ritari Sænsku akademiunnar, flutti Sigurðar Nordals fyrirlestur í Norræna húsinu á fæðingardeggi Sigurðar. Fyrirlesturinn bar yfirskriftina: „Alexander den store i isländsk och svensk medeltid“.

**24. sept.** Lilja D. Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, heimsótti Árnastofnun ásamt verkefnisstjóra um íslenska tungu og íslenskuteymi ráðuneytisins.



*Frá heimsókn mennta- og menningarmálaráðherra og fylgdarliðs á stofnunina í Árnagarði.*



*Skáldið Sjón sagði frá áhrifum þjóðsagnanna á sín eigin verk.*

## 200 ÁRA AFMÆLI JÓNS ÁRNASONAR

Haldið var upp á að 200 ár voru liðin frá fæðingu Jóns Árnasonar þjóðsagnasafnara og landsbókavardar (1819–1888) með fjölbreyttum hætti. Guðrún Nordal og Rósa Þorsteinsdóttir sátu í starfshópi sem undirbjó hátíðarhöldin ásamt fulltrúum Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Á sjálfan afmælisdaginn, 17. ágúst, var fagnað á fæðingarstað Jóns á Skagaströnd með veglegri dagskrá þar sem Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands tók þátt í málþingi í tilefni dagsins og afhjúpað var minnisterki um Jón. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn stóð síðan fyrir málþingi um Jón Árnason og var sýning um ævi hans og störf opnuð í Þjóðarbóklöðunni í september. Í október skipulagði Árnastofnun og hafði umsjón með tveggja

daga alþjóðlegri ráðstefnu í samvinnu við Háskóla Íslands. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra setti ráðstefnuna sem haldin var í Norræna húsinu. Þar héldu 14 fyrirlesarar, jafnt fræðimenn og rithöfundar – innlendir sem erlendir – erindi. Á meðal fyrirlesara voru Rósa Þorsteinsdóttir, Terry A. Gunnell og Trausti Dagsson úr stjórn og starfslíði stofnunarinnar. Einnig komu fram tveir leikhópar, Umskiptingar og Miðnætti, í samvinnu við Leikfélag Akureyrar sem fluttu brot úr sýningum þar sem unnið er með þjóðsögur. Í tengslum við ráðstefnuna stóð stofnunin fyrir því að í tíu daga voru lesnar þjóðsögur á Rás 1, ein á dag. Sögurnar voru lesnar af ungu fólki sem valið var í samráði við Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn. Sömu daga birtist ein þjóðsaga á dag á vef stofnunarinnar.


25. sept. Opnun og kynning á nýrri og endurbættri útgáfu Beygingarlýsingar íslensks nútímamáls (BÍN) fór fram í Hannesarholti. Í þessum áfanga var BÍN-kjarninn opnaður en hann er úrtak úr BÍN sem er aðgengilegt í gegnum forritaskil (API).



Kristín Bjarnadóttir ritstjóri BÍN ásamt samstarfsmönnum og forstöðumanni: Steinþór Steingrímsson, Guðrún Nordal, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Ingibjörg Hlynsdóttir, Samúel Þórisson og Trausti Dagsson.

26. sept. Málrættarþing Íslenskrar málnefndar var haldið í Þjóðminjasafni Íslands á evrópska tungumáladeginum. Yfirskrift þingsins var Hjálpartæki íslenskunnar. Þar var kynnt ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2019 og veittar viðurkenningar fyrir vel unnin störf til eflingar íslensku máli.

28. sept. Árnastofnun tók þátt í Visindavöku í Laugardalshöll. Þar kynntu starfsmenn rannsóknarverkefnið Íslenskt unglíngamál: Rannsókn á samskiptaaðferðum í raungögnum, Nýyrðabankann og sýninguna Óraviddir – orðaforðinn í nýju ljósi.



Gestum og gangandi gafst kostur á að skilja eftir orð sinnar kynslóðar á svæði Árnastofnunar á Visindavöku. (Myndir: Helga Hilmisdóttir)

## OKTÓBER

1. okt. Verkáætluninni, Máltækni fyrir íslensku 2018–2022, var formlega hrundið af stað.

17.–18. okt. Alþjóðleg ráðstefna var haldin í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Árnasonar.

30. okt. Opnun endurnýjaðs Íðorðabanka Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fór fram í Norræna húsinu. Viðburðurinn var haldinn í samstarfi við Verkfræðingafélag Íslands.



Þorsteinn Þorsteinsson, formaður orðanefndar byggingarverkfræðinga, frú Vigdís Finnbogadóttir og Ágústa Þorbergsdóttir ritstjóri Íðorðabankans við opnunina.

## NÝR ÍÐORÐABANKI OG VÖXTUR Í ÍÐORÐASTARFI

Í október voru liðin 100 ár frá stofnun orðanefndar Verkfræðingafélagsins sem er elsta orðanefndin hér á landi. Haldið var upp á afmælið með hátíðarfundum í Norræna húsinu sem Verkfræðingafélag Íslands stóð fyrir í samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Frú Vigdís Finnbogadóttir, sem er heiðursfélagi í Verkfræðingafélagi Íslands, opnaði Íðorðabankann á fundinum en nýi Íðorðabankinn (íðord.arnastofnun.is) tekur við af orðabankanum sem kenndur var við Íslenska málstöð. Talsverðar endurbætur hafa verið gerðar á orðabankanum og eru leitarmöguleikar t.d. mun betri en í gamla orðabankanum.

Mikill vöxtur hefur verið í íðorðastarfi undanfarið og sífellt bætist við söfnin í Íðorðabankanum. Á hátíðarfundinum í Norræna húsinu bætist við lögfræðiorðasafn og jafnframt voru birtar nýjar útgáfur af tölvuorðasafni og raftækniordasafni.

Í nóvember opnaði forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, álorðasafn við hátíðlega athöfn í álverinu í Straumsvík. Þá má nefna að í tilefni af degi íslenskrar tungu 2019 var ákveðið að hefja íðorðastarf innan íþróttahreyfingarinnar og taka saman orðasafn þar sem hægt væri að fletta upp sérhæfðum íþróttarorðum.

Meginmarkmið í íslenskri málstefnu er að tryggja að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags. Forsenda þess er að til séu íslensk íðorð. Miklu máli skiptir að íðorðin berist sem fyrst út í samfélagið og allir sem á þurfa að halda geti leitað orðin uppi og haft aðgang að þeim. Þetta er einmitt hlutverk Íðorðabankans. Þar er hægt að leita að íslenskum sérfræðiorðum og erlendum heitum þeirra á nokkrum tungumálum.



## NÓVEMBER

- 10. nóv.** Almenningsi var boðin sérfræðileiðsögn um handritin á sýningunni Sjórnarhorn og sérsýninguna Óraviddir – orðaforðinn í nýju ljósi í Safnahúsinu.
- 13. nóv.** John Gillis, forvörður við bókasafn Trinity College í Dyflinni, flutti Árna Magnússonar fyrirlestur fyrir fullum sal í Norræna húsinu. Erindi hans nefndist „Interpreting the physical features of the Faddan More Psalter“.
- 16. nóv.** Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur í Gamla bíói þar sem boðið var upp á fjölbreytta dagskrá í tali og tónum. Lilja D. Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, afhenti Jóni G. Friðjónssyni prófessor emerítusi Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar. Sérstök viðurkenning á degi íslenskrar tungu féll í skaut raphljómsveitarinnar Reykjavíkurdætra.
- 22.–23. nóv.** Alþjóðlega ráðstefnan Íslensk lög í samhengi: Jónsbók og Kristinréttur Árna Þorlákssonar var haldin í Þjóðminjasafninu.
- 28. nóv.** Átta ár voru liðin frá því að norræna veforðabókin ISLEX var opnuð. Af því tilefni fékk veforðabókin nýtt og snjalltækjavænt útlit sem gagnast 130 þúsund notendum víða um lönd á síðinni islex.is.
- 30. nóv.** Fræðafjör var haldið til heiðurs Helgu Kress, prófessor emerita í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands, áttæðri. Árnastofnun tók þátt í skipulagningu málþingsins ásamt Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands og RÍKK.

## DESEMBER

- 11. des.** Bókagleði Árnastofnunar var haldin í Bóksölu stúdenta. Þar voru í brennidepli bækur sem komu út hjá stofnuninni og samstarfsaðilum hennar eða voru unnar af starfsmönnum stofnunarinnar á árinu 2019. Bækurnar voru kynntar með frásögnum og upplestri útgefenda, þýðenda og höfunda.
- 18. des.** Tímaritið Gripla XXX (2019) kom út.



Haukur Þorgeirsson og Elizabeth Walgenbach ritstýrðu Gripla XXX (2019).



Elizabeth Walgenbach (hér til hægri) skoðar lagahandrit ásamt nokkrum þátttakendum ráðstefnunnar um Jónsbók og Kristinrétt Árna biskups Þorlákssonar.

### ALÞJÓÐLEG RÁÐSTEFNA UM JÓNSBÓK OG KRISTINRÉTT ÁRNA BISKUPS ÞORLÁKSSONAR


Átta fræðimenn fluttu erindi á alþjóðlegri ráðstefnu um Jónsbók og Kristinrétt Árna Þorlákssonar sem var vel sótt og haldin í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins. Veg og vanda af skipulagningu ráðstefnunnar hafði Elizabeth Walgenbach, fræðimaður við stofnunina í rannsóknarstöðu sem kennd er við nafn Árna Magnússonar. Auk hennar komu að undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar Guðrún Nordal, Guðvarður Már Gunnlaugsson og Beeke Stegmann.

Markmið ráðstefnunnar var að efla rannsóknir og áhuga á handritum Jónsbókar og Kristinréttar Árna biskups Þorlákssonar. Báðir þessir textar voru oft afritaðir, iðulega í sama handriti, allt frá lagasetningunni í lok 13. aldar til nútímans – enda geymir Jónsbók lög Íslendinga sem mörg hver voru í gildi fram til loka sautjándu aldar og enn má finna greinar úr Jónsbók í íslenskum lögum. Lagahandrit eru stór og mikilvægur hluti af handritasafni Árna Magnússonar sem hafa verið minna rannsökuð en sagnahandritin. Næsta skref er að setja á stofn alþjóðlegt rannsóknarnet og vefsíðu þar sem hægt er að skapa umræðu um útgáfu og miðlun lagatexta og miðla nýjum rannsóknum.

# FASTRÁÐNIR STARFSMENN 2019



Aðalsteinn Hákonarson



Antonio Costanzo



Ari Páll Kristinsson



Ágústa Þorbergsdóttir



Ásta Svavarsdóttir



Beeke Stegmann



Birna Lárusdóttir



Branislav Bédi



Einar Haraldsson



Einar Freyr Sigurðsson



Eiríkur Rögnvaldsson



Elizabeth Walgenbach



Emily Lethbridge



Eva María Jónsdóttir



Gísli Sigurðsson



Guðný Ragnarsdóttir



Guðrún Nordal



Guðvarður Már  
Gunnlaugsson



Halldóra Jónsdóttir



Haukur Þorgeirsson



Helga Hilmisdóttir



Ingibjörg Þórisdóttir



Jóhann Kristján  
Konráðsson




Jóhanna Ólafsdóttir



Jóhannes B. Sigtryggsson



Kári Kaaber



Kristín Bjarnadóttir



Margrét Eggertsdóttir



Rakel Pálsdóttir



Rósa Þorsteinsdóttir




Samúel Þórisson



Sigurborg K.  
Stefánsdóttir



Sigurður Stefán Jónsson



Steinunn Aradóttir



Steinþór Steingrímsson



Svanhildur María  
Gunnarsdóttir



Svanhildur Óskarsdóttir



Trausti Dagsson



Úlfar Bragason



Vasaré Rastonis



Þórdís Úlfarsdóttir



Þórunn Sigurðardóttir



## ÓRAVÍDDIR – ORÐAFORÐINN Í NÝJU LJÓSI

Sýningin Óravíddir – orðaforðinn í nýju ljósi var opnuð í Safnahúsinu við Hverfisgötu 7. júní 2019. Sýningin var sett upp í sýningarrými á 3. hæð og fólst í myndrænni framsetningu íslensks orðaforða sem Trausti Dagsson vann upp úr Íslensku orðaneti eftir Jón Hilmar Jónsson prófessor emeritus. Orðanetið er byggt á greiningu á merkingarvenslum íslenskra orða og orðasambanda.

Á sýningunni voru snertiskjáir sem buðu gestum upp á að kanna tengsl orða. Auk þess var sett upp vefsíðan oraviddir.

arnastofnun.is, þar sem netnotendum gafst kostur á að velja orð af listum og tengja saman.

Þar sem tungumálið er í sífelldri endurnýjun og orðanotkun breytist með tímanum var í sýningarrýminu ljósi varpað á nokkur íslensk orð sem eru ýmist í dvínandi eða vaxandi notkun. Á haustmisseri var boðið upp á sérfræðileiðsögn um sýninguna með höfundi Orðanetsins Jóni Hilmar Jónssyni og Evu Maríu Jónsdóttur, sem hafði sýningarstjórn með höndum ásamt Trausta Dagsyni.

## VERKÁÆTLUN Í MÁLTÆKNI 2018–2022

Máltækniáætlun var hleypt af stokkunum þann 1. október 2019. Áætlunin er fjármögnuð af ríkinu en framkvæmd af sjálfseignarstofnuninni Almennarómi og samstarfshópi um íslenska máltækni (SÍM), sem skipaður er af níu stofnunum og fyrirtækjum, meðal annars Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Markmið máltækniáætlunarinnar er að byggja upp nauðsynlega innviði fyrir þróun máltækni fyrir íslensku. Meðal verkefna er gerð stórra gagnasafna með tali og texta á íslensku, vinna við ýmis málsöfn og smíði opins hugbúnaðar fyrir talgreiningu, talgervingu, vélþýðingar og málrýni. Auk þess verður lögð áhersla á menntun og þjálfun í máltækni.

Á fyrsta ári áætlunarinnar hefur Árnastofnun tekið að sér að vinna, ein eða með öðrum aðilum SÍM, að tilteknum verkefnum. Þau eru: stækkun og endurbætur á Risamálheild; samhliða málheild fyrir vélþýðingar; endurskoðun á Gullmálheild og markamengi fyrir málfraðilega mörkun íslensku; viðbætur við BÍN og útgáfa á gögnum úr BÍN fyrir máltækni; útgáfa á Íslensku orðaneti fyrir máltækni; bættar orðskiptingar fyrir íslensku; vinna að bættum aðferðum við málfraðilega mörkun.

Tölf starfsmenn starfa að máltækniáætluninni á stofnuninni þetta fyrsta ár. Þar að auki eru tveir starfsmenn CLARIN-miðstöðvarinnar sem Árnastofnun rekur og hefur yfirumsjón með.

# ÚTGÁFUR ÁRSINS 2019

Auk tveggja ritrýndra tímarita sendi Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum frá sér fimm bækur á árinu, sumar í samstarfi við aðra útgefendur:

*Konungsbók eddukvæða* kom út í ritröðinni Editiones Arnamagnæanæ. Um útgáfuna sáu Guðvarður Már Gunnlaugsson, Haraldur Bernharðsson og Vésteinn Ólason. Mál og menning gaf bókina út í samstarfi við stofnunina.



*AM 677 4°* í útgáfu Andreu de Leeuw van Weenen. Haukur Þorgeirsson sá um ritstjórn.

*Skuggahliðin jólanna* í ritstjórn Rósu Þorsteinsdóttur og Evu Mariu Jónsdóttur kom út hjá Bjarti í samstarfi við stofnunina.

Tvö iðorðasöfn litu dagsins ljós:

*Orðasafn í tómstundafræði* kom út í samstarfi við Félag fagfólks í frítímaþjónustu og Rannsóknastofu í tómstundafræði.

*Orðasafn í líffærafræði IV. Taugakerfið* kom út í ritstjórn Jóhanns Heiðars Jóhannssonar. Ágústa Þorbergsdóttir var í ritstjórn iðorðasafnanna.



Mynd á forsiðu var tekin er forvörslusérfræðingarnir Dr. Robert Fuchs frá Tækniháskólanum í Köln og Andreas Herzog frá Fraunhofer Institute í Magdeburg voru við myndatökur á Árnastofnun með sérstökum búnaði sem nemur vatnsmerki í pappír. Verkefnið unnu þeir í samstarfi við Silvíu Hufnagel og Vasaré Rastonis sem vinna að rannsóknarverkefninu Pappírslóð rakin ásamt Þórunni Sigurðardóttur verkefnisstjóra rannsóknarinnar. Til að greiða fyrir leigu tækjanna og vinnu sérfræðinganna fékkst styrkur frá Gerda Henkel Stiftung í Þýskalandi.

Myndir: Sigurður Stefán Jónsson ljósmyndari á Árnastofnun tók allar myndir í ársskýrslunni nema annars sé getið í myndatexta. Undantekning frá þessu er sjálfsmýnd af Jóhönnu Ólafsdóttur á blaðsíðu 10.

Hönnun: Hunang · Sigrún Sigvaldadóttir  
Prentun: Svansprent

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR  
Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM



Skrifstofa Árnagarði v/Suðurgötu · 102 Reykjavík · sími 525 4010  
arnastofnun@arnastofnun.is · www.arnastofnun.is

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR  
í íslenskum fræðum